

29 tóku þátt í PRSmóti Skotgrund



Fossbúinn Challenge PRS Pro fór fram í Grundarfirði dagana 16. og 17. ágúst. Mótið var á vegum Skotfélags Snæfellsness og va það haldið á svæði félagsins í Kolgrafa-firði. Keppnin snýst um að keppendur skjóti í skotmörk á löngu færi og hafa þau 2 mínútur til að ljúka hverri þraut.

Vindasamt veður gerði keppendum erfitt fyrir á mótinu en það

dró þó ekki úr þeim. 29 þátttakendur voru á mótinu, bæði innlendir og erlendir og var það norðmaðurinn Hans Frederik Vatnedal sem sigraði mótið með 80 stig. Mikil vinna og undirbúningur hefur verið á svæðinu fyrir mótið og félagar í skotfélaginu unnið að mikilli uppbyggingu á skotsvæðinu að undanförunu. Mótið heppnaðist virkilega vel og voru kepp-

endur og áhorfendur sáttir með aðbúnað og aðstöðu sem er skot-

félaginu til mikils sóma. Meðfylgandi mynd tók Sverrir Karlsson.

SJ

Unglingalandsmót



Tæplega 20 keppendur frá HSH tóku þátt á Unglingalandsmóti UMFÍ á Egilsstöðum um verslunarmannahelgina. Almenn ánægja var með mótið, keppendur stóðu sig mjög vel

og voru sjálfum sér og öðrum til sóma. Mótið er kjörið tækifæri fyrir iðkendur til þess að spreyta sig í nýjum íþróttagreinum.

HSH þakkar foreldrum og forráðamönnum fyrir gott mót.



**Við bjóðum upp á
alhliða bílaviðgerðir,
dekkjaskipti og smurþjónustu.**

Tímarpantanir í síma 436-1111

Færðu safnskipinu Óðni mynd

Fimmtudaginn 14. ágúst nutum við góðra gesta sem komu færandi hendi um borð í Óðin.

Það voru fulltrúar Sjómannaaðgráðs Ólafsvíkur sem komu með mynd sem tekin var af Presti Albertssyni að morgni 30. maí 2025, er haldin var minningarathöfn um 21 sjómann frá Ólafsvík og Hellissandi sem farist hafa frá árinu 1940. Athöfnin fór fram á Víkinni, nánar tiltekið á Dyraflögunni, Pröstur tók einnig upp video með dróna sem sýnir skipin sem komu út á Víkina og voru með okkur við athöfnina. Það er draumur okkar Óðinsmanna að eiga þess kost að geta heimsótt hafnir, minnst látinna sjómanna og sýnt fólki skipið, sem byggt var sem björgunar- og varðskip, hlutverk sem það sinnti með sóma í 46 ár. Viðbrögð og móttökur fólks í Ólafsvík sýndu fram á, svo ekki verður um villst að þetta er verðugt verkefni fyrir safnskipið Óðin.

Við færum þeim félögum og öllum íbúum Snæfellsbæjar kærar þakkir fyrir hlýhug og auðsýnda virðingu fyrir þessu verkefni og sjálfbæðisástarfinu sem unnið er um borð í Óðni. Þess má geta að myndband sem Hilmar B. Bárðarson tók af minningarathöfninni um borð í Óðni hefur hlotið yfir 1.100 áhorf, það er eins og að hvert mannsbarn í Ólafsvík hafi séð myndbandið. Við erum þakk-



Hópurinn sem hittist um borð með myndina sem nú er komin upp á vegg í undirmannamessanum: Sigurður Kr. Sigurðsson skipsprestur, Búi St. Jóhannsson vélstjóri, Egill Þórðarson loftskeytamaður, Hilmar Guðmundsson háseti, Illugi Jens Jónasson skipstjóri, Vilbergur Magni Óskarsson skipherja, Jens Brynjólfsson skipstjóri og Pétur Steinar Jóhannsson.

látir og stoltir af þessum áhuga sem fólk hefur sýnt okkur, en um 440 manns komu um borð til okkar og skoðuðu skipið í Ólafsvík. Peningagjöf sem Hafnarsjóður færði Hollvinasamtökum varðsipsins Óðins í heimsókninni, hefur nú verið nýtt til kaupa á 7,1 metra landgangi sem gerður er fyrir allt að 50 gráðu halla og okkur sárvantaði, hann fer í skip í næstu viku.

Egill Þórðarson

Eyrún Embla í atvinnumennsku



Eyrún Embla Hjartardóttir gengur í raðir sænska stórlíðsins BK Häcken eftir að Stjarnan komst að samkomulagi við félagið um félagaskipti.

Eyrún er fædd árið 2005 og er uppalin í Ólafsvík. Hún spilaði með Snæfellsnesi og Víking/Reyni áður en hún fór yfir til Stjörnnar fyrir tímabilið 2021. Eyrún Embla hefur verið að gera

góða hluti í boltanum en hún hefur spilað 30 leiki fyrir unglingalandsliði Íslands, síðast árið 2023 með U20 liðinu.

BK Häcken er í toppsæti sænsku deildarinnar með 30 stig eftir 13 umferðir og mun Eyrún Embla án efa verða góð viðbót við liðið.

SJ



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátaþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617

Ríkisstjórnin fundaði á Snæfellsnesi

Þann 14. ágúst síðastliðinn hélt ríkisstjórn Krístrúnar Frostadóttur sumarfund sinn í Stykkishólmi. Þar sátu fulltrúar sveitarfélaga á Vesturlandi fundinn með ríkisstjórninni sem fór fram á Vatnasafninu. Rædd voru hin ýmsu mál sem varða svæðið eins og samgöngumál, orkumál og heilbrigðismál auk þess sem farið var yfir ýmis sameiginleg verkefni ríkis og sveitarfélaga. Ríkisstjórnin fundaði einnig um atvinnustefnu og bauð loks fulltrúum fyrirtækja, sveitarstjórna og fleiri góðum gestum til óformlegs samtals. Í leið sinni vestur heimsótti Alma D. Möller, heilbrigðisráðherra, Heilbrigðisstofun Vesturlands. Hún var á ferð með Jóni Magnúsi Kristjánssyni, aðstoðarmanni ráðherra, auk sérfræðinga úr ráðuneytinu á sviði öldrunarmála og húsnæðisframkvæmda. Heimsóknin hófst á sjúkrahúsinu á Akranesi, svo var heimsótt Borgarnes, þaðan til Ólafsvíkur, Grundarfjarðar og loks í Stykkishólmi. Starfssvæði Heilbrigðisstofnunar Vesturland er víðfeðmt, starfsstöðvar stofnunarinnar

eru átta talsins og íbúar á þjónustusvæði hennar eru um 20.000. Að auki rekur stofnunin hjúkrunarheimilin Systraskjól í Stykkishólmi og Silfurtún í Búðardal. Eftir heimsóknina á vesturlandið sagði Alma ánægjulegt að sjá að starfsemi og reksturinn gangi vel og að afar jákvætt sé hvað þjónusta heilsugæslu á svæðinu sé aðgengileg og biðtími eftir þjónustu víðast stuttur. Á umræddum fundi ríkisstjórnarinnar undirrituðu svo fulltrúar Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi og Heilbrigðisstofnun Vesturlands samstarfsyfirlýsingu um átak til þess að laða heilbrigðisstarfsfólk að Vesturlandi. Í samningnum kemur fram að á Vesturlandi eru svæði þar sem erfiðlega hefur gengið að manna ýmsar stöður heilbrigðisstarfsfólks innan HVE og hefur stofnunin farið ymsir leiðir til þess að bregðast við vandanum og sumar skilað árangri. Í nútíma samfélögum þá er ekki nóg að geta boðið starfsfólki áhugaverð störf með ásætlanlegum launum. Það þarf oft meira til. Vegna



þessa hafa HVE og SSV ákveðið að taka höndum um saman og vinna í sameiningu að því að laða að aukinn mannauð og gera starfsstöðvar HVE og búsetu á Vesturlandi að eftirsóknarverðum valkosti. Þannig verði stuðlað að því að auðveldara verði að ráða heilbrigðisstarfsfólk

til starfa á Vesturlandi. Þá kemur einnig fram í yfirlýsingunni að aðilar hyggist eiga með sér aukið samráð almennt varðandi heilbrigðismál og í hagsmunagæslu fyrir heilbrigðisþjónustu á Vesturlandi.

SJ



FASTEIGNASALA
SNÆFELLSNESS

Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

Boltinn

Reynir Hellissandur tók á móti liði KM á Ólafsvíkurvelli þann 16. ágúst. Leikmönnum KM tókst að skora fjögur mörk í fyrri hálfleik. Í byrjun seinni hálfleiks fékk leikmaður KM, Luis Amatu, rautt spjald og þeir því manni færri. Tuttugu mínútum síðar fengu tveir aðrir leikmenn rautt spjald. Annar þeirra var leikmaður Reynis, Guðjón Sigurðsson en hinn var Yurii Pelypets sem er leikmaður KM. Snær Fannarsson skoraði mark og minnkaði muninn fyrir Reyni á 82. mínútu. Lokastaða leiksins var því 4-1 fyrir KM og Reynismenn sitja enn á botni deildarinnar með 0 stig.

Síðasti leikur Reynis í sumar verður á móti Skallagrími á Skallagrímssvelli þann 25. ágúst klukkan 18:00.

Víkingur Ólafsvík sendi frá sér tilkynningu í byrjun vikunnar þar sem kom fram að Valsarar hafi kallað Daða Kárasón til baka úr láni og lánað hann áfram til liðs í Lengju-deildinni. Daði var mikilvægur leikmaður liðsins í sumar en hann hefur leikið 82 leiki í öllum keppnum fyrir Víking Ó. og skorað í þeim 1 mark. Daði var á sínu þriðja tímabili í Ólafsvík.

Víkingur átti leik í 2. deild karla á Ólafsvíkurvelli þann 13. ágúst þar sem þeir tóku á móti Haukum. Asmer Begic byrjaði leikinn vel þegar hann skoraði mark fyrir

Víking á 29. mínútu. Stuttu seinni jöfnuðu Haukar metin þegar Alexander Aron Tómasson setti boltann í markið hjá Víkingum. Þegar þrjár mínútur voru liðnar af seinni hálfleik skoraði Sigurður Hrannar Þorsteinsson mark fyrir Hauka og því ljóst að Víkingar áttu á brattann að sækja. Sigurður bætti svo við öðru marki á 76. mínútu. Staðan var því 3-1 fyrir Haukum en þeir misstu mann af velli á 90. mínútu leiksins á rauðu spjaldi. Víkingum tókst ekki að nýta sér þá stöðu og voru því lokatölur leiksins ljósar. Stutt var á milli leikja í vikunni en Víkingar voru mættir aftur til leiks þremur dögum síðar á Vogadýfuvellinum þar sem þeir léku á móti Þrótti Vogum. Leikurinn fór hægt af stað og var fyrri hálfleikur tíðindalítill. Luis Alberto Diez Ocerin skoraði mark úr víti þegar 10 mínútur voru liðnar af seinni hálfleik. Rúnar Ingi Eysteinsson jafnaði svo fyrir Þrótt á 77. mínútu og bætti Jón Jökull Hjaltason við öðru marki stuttu seinna. Leikurinn fór 2-1 fyrir Þrótti Vogum og tvö sár töp í röð því raunin. Víkingur er í 7. sæti deildarinnar með eins stigs forskot á liðið fyrir neðan.

Næsti leikur liðsins fer fram á Ólafsvíkurvelli laugardaginn 23. ágúst klukkan 14:00 þegar þeir taka á móti Höttur/Huginn.

JJ



Sími: 430 3700
www.fmis.is



HSH tók þátt í Meistaramóti Íslands

Meistaramót Íslands í eldri aldursflokki fór fram um helgina og stóðu keppendur sig með eindæmum vel. Á mótinu mæta eldri frjálsíþróttakempur og rifja upp gamla takta. Frjálsíþróttadeild Armanns hélt mótið á Frjálsíþróttavelli ÍR en á þessu móti er keppt í aldursflokki 30 ára og eldri, hver aldursflokkur nær yfir 5 ára tímabil. ÍR vann stigakeppni félagsliða en þau voru með 204 stig. Sett voru 16

aldursflokkanet á mótinu sem má teljast nokkuð gott. HSH átti þrjár keppendur að þessu sinni en það voru þeir Elvar Heimir Guðmundsson, Jóhannes Erlingsson og Steingrímur A. Guðmundsson. Keppnisgreinar þeirra voru kúluvarp, kringlukast, sleggjukast, spjótast og lóðkast. HSH vann sér inn 57 stig í stigakeppninni og endaði í 8. sæti.

JJ

Vínbúðin

Grundarfirði

óskar eftir

verslunarstjóra

20+

Við leitum að öflugum einstaklingi til að ganga til liðs við frábæran starfsmannahóp ÁTVR. Viðkomandi þarf að vera ábyrgðarfullur og hafa vilja og getu til að takast á við margvísleg verkefni.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavinum
- Dagleg stjórnun, birgðahald og umhirða búðar
- Eftirfylgni þjónustu- og gæðastefnu fyrirtækisins
- Framstilling á vöru og vörumeðhöndlun

Hæfniskröfur

- Reynsla af verslunar- og/eða verkstjórn
- Frumkvæði, metnaður og ábyrgð í starfi
- Gott viðmót og rík þjónustulund
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum
- Almenn tölvukunnátta

Starfshlutfall er 43,8%. Umsækjandi þarf að hafa náð 20 ára aldri.

Umsóknarfrestur er til og með **25. ágúst nk.**

Öll áhugasöm eru hvött til að sækja um á **vinbudin.is**

Nánari upplýsingar: Thelma Kristín Snorradóttir, starf@vinbudin.is, 560 7700.

ÁTVR rekur 50 Vínbúðir um allt land. Stefna fyrirtækisins er að vera í hópi bestu þjónustufyrirtækja landsins og fyrirmynd á sviði samfélagsábyrgðar.

Við viljum að vinnustaðurinn sé lifandi og skemmtilegur og vinnum markvisst að því að auka ánægju starfsfólks. Við leggjum áherslu á að starfsfólk fái tækifæri til að þroskast og læra nýja hluti. Þannig eflum við þekkingu og kraft fyrirtækisins.

Gildi ÁTVR eru LIPURÐ – ÞEKKING – ÁBYRGÐ.

Ráðningar í stöður hjá fyrirtækinu taka mið af þessum gildum.



JAFNLAUNAVOTTUN
2024 - 2027

vinbudin.is

